

5. gr.

10. gr. orðist þannig:

A. Bryggjugjald:

Hvert það skip, sem leggst að bryggju Lendingarbótasjóðs eða að öðru skipi, sem við hana er bundið, greiði fyrir það gjald, sem hér segir:

a. Öll aðkomuskip og bátar greiði kr. 0.60 fyrir hverja nettó rúmlest, þó aldrei lægri upphæð en kr. 15.00.

Bryggjugjald reiknast fyrir hverjar 24 stundir eða brot úr þeim.

b. Bátar, heimilisfastir í Djúpavogskauptúni, greiði kr. 5.00 fyrir hverja nettó rúmlest einu sinni á ári, þó aldrei lægri upphæð en kr. 100.00.

B. Vatnsgjald.

Fyrir vatn til skipa og báta greiðist gjald, sem hreppsnefnd ákveður.

6. gr.

15. gr. orðist þannig:

Þegar lokið er fermingu eða affermingu skips, skal skips- eða farmeigandi láta ræsta bryggjur og annað það af tækjum hafnarinnar, sem notað hefur verið. Farist það fyrir skal hafnarnefnd sjá um, að ræsting fari fram á kostnað skips- eða farmeigenda.

Til sérstakrar notkunar á bryggjum, uppfyllingu, geymsluhúsum og landi hafnarinnar, svo sem til fiskaðgerðar, síldarsöltunar, geymslu sjávarafla eða annars varnings, skal leitað leyfis hafnarnefndar, enda komi greiðsla fyrir, sem um kann að semjast hverju sinni.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 19. apríl 1968

Eggert G. Þorsteinsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Höfðakaupstað, nr. 94 21. ágúst 1961.

1. gr.

31. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Vörugjaldskrá:

1. flokkur: Gjald kr. 2.00 hver 100 kg:

Kol, koks, salt, sement, áburður, saltfiskur, verkaður fiskur, hraðfrystur fiskur, fiskimjöl, síldarmjöl, hrogn, söltuð þunnildi, fiskroð, skreið.

2. flokkur: Gjald kr. 2.00 hver 100 kg:
Kornvara, sykur, garðávextir, mjólk, hey, fóðurvörur, útlendar, gætur, freðsild.
3. flokkur: Gjald kr. 2.00 hver 100 kg:
Vikursteinur, asbestplötur, plötujárn, stangajárn, vatnspípur, efni til múrhúðunar og byggingarefni, annað en trjáviður og ekki annars staðar talið, girðingarnet og girðingarefni.
4. flokkur: Gjald kr. 3.00 hver 100 kg:
Smurningsoliur, lýsi, veiðarfæri og efni í þau, fiskumbúðir, pokar, hessian, herpinætur, kaðlar, leirvörur, pottar, balar, blikkfötur o. þ. h., kjöt, ull, mör, tólg.
5. flokkur: Gjald kr. 4.00 hver 100 kg:
Bílar, bátavélar, landbúnaðarvélar, vélahlutir, gler, miðstöðvar, gólf-dúkur, saumur, málningavörur, alls konar, pappírsvörur, alls konar, krossviður, smjör, smjörliki, jurtafæti, sápa, þvottaduft og aðrar hreinlætisvörur.
6. flokkur: Gjald kr. 5.00 hver 100 kg:
Kaffi, kaffibætir, kex og aðrar brauðvörur, ávextir, nýir og þurrkaðir, niðursuðuvörur, súkkulaði, kakaó, sælgætisvörur, öl og gosdrykkir.
7. flokkur: Gjald kr. 1.00 hver 10 kg:
Vefnaðarvara, fatnaður, skófatnaður, tóbaksvörur og allar aðrar vörur reiknaðar eftir þyngd og ekki annars staðar taldar.
8. flokkur: Gjald 10.00 kr. hvert stykki:
Eldavélar, þvottavélar, ísskáp, baðker.
9. flokkur: Gjald kr. 3.00 hver 100 kg:
Ísvarinn fiskur.
10. flokkur: Gjald kr. 2.00 fyrir hverja tunnu af saltsild og hvers konar sjávar-afurðum í tunnum. Af hálf tunnum reiknast kr. 1.00.
11. flokkur: Gjald kr. 1.00: Tómar tunnur.
12. flokkur: Gjald kr. 1.00 fyrir hvert teningsfet:
Tímur og allar aðrar vörur reiknaðar eftir rúmmáli.
13. flokkur: Gjald kr. 10.00 hver gripur eða kind:
Stórgripir, sauðfé.
14. flokkur: Gjald kr. 6.00 hver 100 kg:
Brennsluoliur, benzín.

Lægsta vörugjald í öllum flokkum er kr. 2.00.

2. gr.

2. málsgrein 32. greinar reglugerðarinnar orðist þannig:
Af hverju máli sildar greiðist kr. 1.00.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 19. apríl 1968

Eggert G. Þorsteinsson.

Kristinn Gunnarsson.